

**31. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldin á skrifstofu Langanesbyggðar
Fjarðarvegi 3 Þórshöfn mánudaginn 7. janúar 2012 kl.12:00**

Mætt eru: Steinunn Leósdóttir formaður, Jósteynn Hermundsson , Björgvín Þóroddsson,
Sóley Indriðadóttir, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Urðunarsvæði við Bakkafjörð – Deiliskipulag, skipulags- og matslýsing

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að skipulags- og matslýsingu vegna deiliskipulags urðunarsvæðis við Bakkafjörð. Um er að ræða í einu skjali skipulagslýsingu og matslýsingu, dagsetta 7. janúar 2013 og unnin af Teikn – ráðgjöf og hönnun.

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og matslýsingin verði kynnt almenningi og leitað verði umsagnar skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila.

2. Aðalskipulag

Farið yfir stöðuna á aðalskipulagi Langanesbyggðar. Skipulagsstofnun fer fram á að tekið verði út 5 ha athafnarsvæði við flugvöllinn. Skipulagsstofnun samþykkir ekki að hafa þetta 5 ha athafnarsvæði inni á aðalskipulaginu en er samþykk aðalskipulaginu að öðru leyti.

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að að þessir 5 ha athafnarsvæði verði tekið út úr aðalskipulaginu.
Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál

Fyrirkomulag strætóferða rétt meðal fundarmanna, kostir og gallar.

Þá var einnig rædd þjónusta hjá vöruafgreiðslunni á Þórshöfn.